

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerðum er varða mælifraeðilegt eftirlit.

I. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 253/2009 um mælifraeðilegt eftirlit með sjálfvirkum vogum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðbirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. skulu vogir sem löggiltar voru fyrir gildistöku reglugerðarinnar halda áður útgefnum gildistíma löggildingar.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð nr. 254/2009 um mælifraeðilegt eftirlit með ósjálfvirkum vogum.

2. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðbirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skulu vogir sem löggiltar voru fyrir gildistöku reglugerðarinnar halda áður útgefnum gildistíma löggildingar.

III. KAFLI

Lagastoð og gildistaka.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 6. maí 2009.

F. h. r.

Jónína S. Lárusdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.